



# Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinn skoðunarmanna .....	1
Áritun stjórnar .....	2
Skýrsla stjórnar .....	3
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymi .....	9
Skýringar .....	10



# Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning aðalstjórnar Gróttu fyrir árið 2017. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glöggja mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2017 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn félagsins staðfesta hér með ársreikning aðalstjórnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

---

Rögnvaldur Dofri Pétursson

---

Bjarni Torfi Álfþórsson



# Áritun stjórnar

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Gróttu staðfestir hér með árskýrslu og ársreikning fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

---

Elín Smáradóttir

---

Ragnar Oddur Rafnsson

---

Sigrún Hallgrímsdóttir

---

Kristinn Þorvaldsson

---

Hreinn Októ Karlsson



# Skýrsla stjórnar Aðalstjórn Gróttu 2017

## Aðalfundur Aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu 18. apríl 2018

Á aðalfundi Gróttu þann 6. apríl 2017 voru eftirtaldir einstaklingar kosnir í aðalstjórn félagsins:

Elín Smáradóttir, formaður  
Ragnar O Rafnsson, gjaldkeri.  
Hreinn Októ Karlsson, ritari  
Sigrún Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi  
Kristinn Þorvaldsson, meðstjórnandi

Varamenn voru kjörnir  
Pétur Blöndal og  
Ísak Runólfsson

Aðalstjórn fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði og fundi hennar sitja einnig framkvæmdastjóri og íþróttastjóri félagsins ásamt formönnum deilda eða varamanna þeirra.

### Helstu verkefni aðalstjornar á árinu voru

#### Rekstur íþróttamannvirkja

Árið 2017 var fyrsta heila árið sem Gróttu rak íþróttamiðstöðina og knattspyrnuvöllinn eftir að hafa tekið við rekstrinum haustið 2016. Reksturinn hefur gengið afar vel og margir hafa lýst ánægju með rekstur, þrif og umgengni. Starfsmenn íþróttamannvirkja voru á árinu 2017:

Elvar Grétarsson,  
Jóhanna Selma Sigurðardóttir,  
Sólveig Herbertsdóttir,  
Valdimar Ólafsson og  
Örlygur H. Ásgeirsson.

Auk þeirra starfa áfram hjá féluginu þau Kristín Finnbogadóttir framkvæmdastjóri og Kári Garðarsson íþróttastjóri og reka félagið og íþróttaaðstöðu þess af miklu myndarskap.

#### Endurbætur á íþróttamiðstöð

Síðastliðið ár var undirbúningur framkvæmda við endurbætur á íþróttamiðstöð í fullum gangi, þó tafir hafi orðið meiri en vonir stóðu til. Framkvæmdir hafa valdið talsverðri röskun á starfseminni í húsinu, en allir hafa lagt sig fram um að gera það besta úr stöðunni. Takmarka hefur þurft og færa til æfingatíma, færa fimleikaaðstöðu í græna salinn, ekki hefur verið svigrúm fyrir yngri flokka til að keppa æfingaleiki heima og svo mætti lengi telja, en starfmenn, iökendur og stjórnarfólk hefur lagt sig fram um að nýta húsið sem best og eiga allit þakkir skyldar fyrir sitt framlag.

Kári Garðarsson, íþróttastjóri Gróttu, hefur verið fulltrúi félagsins í byggingarnefnd og kann aðalstjórn honum bestu þakkir fyrir hans góða starf að verkefninu.

Föstudaginn 23. mars sl. var tekin formleg fyrsta skóflustunga að viðbyggingunni og munduðu þar skóflur fulltrúar Seltjarnarnesbæjar, Reykjavíkurborgar og Gróttu að viðstöddum fjölda iökenda og annarra velunnara.

Vonir standa til að endurbætt hús verði tekið í notkun á 15. desember 2018. og að lokafrágangur við lóð og búningsklefa verði tilbúinn 1. júní 2019.

## Árangur deilda

Árið 2017 var mjög viðburðaríkt hjá iökendum Gróttu eins og oftast áður.

### Fimleikar

- Aldrei fleiri keppendur keppt á þrepamótum FSÍ.
- Boðið var upp á stökkfimi fyrir drengi 9-12 ára
- Nýir þjálfarar bættust í hóp frábærs þjálfarateymis
- Laufey Birna Jóhannsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir voru valdar í úrvalshóp FSÍ.
- Laufey Birna fékk silfur á tvíslá og brons á gólfí á Íslandsmótinu í byrjun apríl og Sóley fékk brons á stökki og slá á sama móti.

### Handknattleikur

- Mfl. kvenna endaði í 4. sæti í Olís deild kvenna í fyrra og duttu út í oddaleik í undanúrslitum. Í veturn hefur kvennaliðið verið undir mikilli ágjöf og þurftu þær að spila um laust sæti í Olís deildinni næsta veturn.
- Mfl. karla lauk keppni í 8. sæti Olís deildar í fyrra vor en nú í því 9. Þeir munu því í haust spila sitt fjórða ár í efstu deild, en aldrei áður hefur sá árangur náðs í sögu deildarinnar.
- Alfreð Finnsson tók við kvennaliðinu og Kári Garðarsson við karlaliðinu sl. Vor
- Mikil gróska og metnaður er í barna- og ungingastarfinu eins og verið hefur.

### Knattspyrna

- Meistaraflokkur kvenna endaði í 6. sæti í 2. deild sl. summar. Meistaraflokkur kvenna fer vel af stað í vor og er sem stendur í 4. sæti síns riðils í Lengjubikarnum.
- Meistaraflokkur karla endaði í neðsta sæti í Inkasso deildinni sl haust. Þjálfaraskipti urðu eftir tímabilið og Óskar Hrafn og Halldór Árnason tóku við.
- Meistaraflokkur karla fer vel af stað á því tímabili sem nú er að hefjast og komst í undanúrslit Lengjubikarsins og áfram í 2. umferð Mjólkurbikarsins
- Blómlegt starf er hjá 310 iökendum. Yngstu flokkarnir léku á sumarmótunum og eldri flokkar á Íslandsmótinu.
- Yngri flokka starfið vekur áfram athygli en þjálfarar héldu fjóra fyrirlestra um Gróttuleiðina á árinu, m.a. hjá KSÍ og Háskólanum í Reykjavík.

Í öllum deildum hefur verið mikil gróska og metnaður í starfi yngri flokka og því er framtíðin björt hjá Gróttu.

## **Íþróttamaður Gróttu og æskunnar**

Kjöri íþróttamanns Gróttu árið 2017 var lýst þann 4. janúar síðastliðinn. Fyrir valinu varð Lovísa Thompson handknattleikskona. Lovísa er fædd árið 1999 og hefur leikið fimm keppnistímabil með meistaraflokki Gróttu. Lovísa tryggði sér sæti í A landsliði kvenna árið 2015 eða þegar hún var einungis 16 ára gömul. Í dag leikur hún stórt hlutverk með landsliðinu og hefur leikið 7 landsleiki og skorað í þeim 10 mörk. Hún á einnig fast sæti í U-20 ára landsliði Íslands og er þar í burðarhlutverki en liðið tryggði sér nú fyrir stuttu síðan sæti á lokamóti HM sem fram fer í sumar.

Lovísa er fyrirliði Gróttuliðsins í Olís deild kvenna.

Lovísa er góður félagi og gefur ávallt mikið af sér til liðsfélaga sinna. Hún kemur vel undirbúnin í öll þau verkefni sem hún tekur sér fyrir hendur. Lovísa er jákvæð og góð fyrirmynnd fyrir yngri flokka félagsins og hefur meðal annars tekið komið að þjálfun yngri flokka undanfarin ár.

Íþróttamaður æskunnar var einnig kjörinn og þar varð Sóley Guðmundsdóttir, fimleikakona, fyrir valinu.

Sóley náði góðum árangri á mónum innanlands og utan á árinu 2017 var valin í 11 manna landsliðshóp unglings í maí fyrir Norðurlandamót unglings. Síðastliðið haust var hún valin í 10 manna úrvalshóp unglings hjá FSÍ. Hópurinn mun æfa saman reglulega í veturn og taka þátt í landsliðsverkefnum á vegum FSÍ.

Sóley er 14 ára gömul og hefur æft fimleika hjá Gróttu frá fimm ára aldri. Hún er góð fyrirmynnd annarra barna. Hún mætir vel á æfingar og leggur sig alla fram, er vinnusöm og dugleg en það hefur skilað henni þeim góða árangri sem hún náð.

Við sama tækifæri var landsliðsfólki Gróttu veittar viðurkenningar. Þá voru heiðursmerki einnig veitt einstaklingum, sem hafa unnið ötult starf í þágu Gróttu á liðnum árum.

## **Viðburðir**

Árið 2017 var 50 ára afmælisár félagsins og var afmælinu fagnað með ýmsum hætti. Mikil hátíðardagskrá var skipulögð og ýmislegt til gamans gert og endaði dagskráin með hátíðarkvöldverði og Pallaballi, þar sem bæjarbúar og aðrir gestir skemmtu sér saman fram á nótt.

Ýmsir skemmtilegir viðburðir hafa skipað sér fastan sess í starfi félagsins. Má þar nefna vel heppnað Porrablót, sem verður skemmtilegra með hverju árinu. Einnig má nefna karla- og kvennakvöld, sem eru mikilvæg fjárlögun en líka skemmtileg leið til að þjappa stuðningsfólki Gróttu enn betur saman.

Haldinn var haustfagnaður þar sem stjórnarfólki og þjálfurum var boðið.

## **Endurnýjaður styrktarsamningur Seltjarnarnesbæjar og Gróttu**

Um síðastliðin áramót tók gildi nýr samstarfs- og styrktarsamningur Seltjarnarnesbæjar. Gróttu og mun samningurinn gilda til loka ársins 2019. Með nýja samningnum varð umtalsverð hækken á fjárfamlögum til Gróttu, eða sem nemur rúmum 15 milljónum króna. Meginmarkmið samningsins er að tryggja öflugt og fjölbreytt íþróttastarf á Seltjarnarnesi og er rétt að nota þetta tækifæri til að þakka bæjaryfirvöldum fyrir þeirra rausnarlega stuðning við íþróttafélagið. Mun stuðningurinn nýtast til að gera gott starf enn betra og ekki leikur vafi á því að hið öfluga íþróttastarf, sem unnt er að halda úti vegna skilnings og áherslu bæjaryfirvalda á málaflokkinn, á stóran þátt í því hversu vel börn og ungmennti í bænum standa sig í leik og starfi. Nú nýlega samþykktu bæjaryfirvöld endurskoðun á samningnum, en samningurinn tryggir nú meistaraflokkni kvenna í knattspyrnu sömu greiðslur og því sambærileg tækifæri og meistaraflokkur karla hefur haft. Náðist þar merkur áfangi.

### **Hvað er framundan?**

Helstu verkefni aðalstjórnar eru að halda áfram vel utan um rekstur íþróttafélagsins og íþróttamannvirkjanna sem félagini hefur verið treyst fyrir.

Ég vil að lokum minna á að rekstur félags eins og Gróttu myndi aldrei ganga upp ef ekki væri fyrir þrotlaus vinna allra þeirra sjálfboðaliða sem að félagini koma. Það starf verður seint fullþakkað.

Aðalstjórn vill einnig þakka öllum þeim styrktaraðilum sem hafa staðið við bakið á félagini síðustu ár.

Framkvæmdastjóra, íþróttastjóra, og öðrum starfsmönnum, samstarfsmönnum í aðalstjórn, stjórnarfólki annarra deilda, formanni og stjórn ÍTS, bæjarstjórn og bæjarstjóra þakka ég fyrir gott samstarf á liðnum árum, en nýr formaður mun nú taka við forystu félagsins og óska ég nýrri stjórn velfarnaðar í starfi.

Seltjarnarnesi, 18. apríl 2018

Elín Smáradóttir  
Formaður Aðalstjórnar



# Rekstrarreikningur 2017

Rekstrartekjur	Skýr.	2017	2016
Framlög og styrkir .....	3	188.701.931	134.910.349
Aðrar tekjur .....		8.899.946	4.732.814
		<u>197.601.877</u>	<u>139.643.163</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld .....	4	55.871.212	27.271.957
Verktakagreiðslur .....		1.914.500	1.359.600
Styrkir til deilda .....	5	112.873.246	100.376.535
Vörugaup, Gróttuvörur .....		114.021	2.607.809
Áhöld, tæki og búnaður .....		928.401	1.500
Rekstur mannvirkja .....		4.100.854	1.393.464
Rekstur skrifstofu .....	6	3.433.493	3.077.855
Annar kostnaður .....	7	8.064.699	1.476.301
		<u>187.300.426</u>	<u>137.565.021</u>
Rekstrarhagnaður		10.301.451	2.078.142
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur .....		41.615	180.080
Vaxtagjöld .....		(30.112)	(23.278)
		<u>11.503</u>	<u>156.802</u>
Hagnaður ársins		10.312.954	2.234.944



# Efnahagsreikningur 31/12 2017

## Eignir

	Skýr.	2017	2016
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....		2.783.271	2.783.271
Skammtímakröfur .....		16.667.590	6.727.230
Handbært fé .....		12.172.272	12.238.992
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>31.623.133</b>	<b>21.749.493</b>

**Eignir samtals**      **31.623.133**      **21.749.493**

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2017	2016
<b>Eigið fé</b>			
Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári .....		11.921.529	9.686.585
Tekjuafgangur (-tap) ársins .....		10.312.954	2.234.944
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>8</b>	<b>22.234.483</b>	<b>11.921.529</b>

## Skuldir

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		9.388.650	9.827.964
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>9.388.650</b>	<b>9.827.964</b>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>9.388.650</b>	<b>9.827.964</b>

**Eigið fé og skuldir samtals**      **31.623.133**      **21.749.493**



## Sjóðstreymi 2017

Handbært fé til rekstrar	Skýr.	2017	2016
Hagnaður (Tap) ársins .....		10.312.954	2.234.944
Hreint veltufé frá rekstri		10.312.954	2.234.944
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir .....		0	(500.000)
Skammtímakröfur .....		(9.940.360)	(4.201.330)
Skammtímaskuldir .....		(439.314)	1.141.157
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(10.379.674)	(3.560.173)
Handbært fé til rekstrar		(66.720)	(1.325.229)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		(66.720)	(1.325.229)
Handbært fé í ársbyrjun .....		12.238.992	13.564.221
Handbært fé í árslok .....		12.172.272	12.238.992



# Skýringar

## 1. Upplýsingar um félagið

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð félagsins er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

### Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Framlög og styrkir

	2017	2016
Húsaleigustyrkir .....	59.400.000	59.400.000
Ferðastyrkir .....	4.999.730	4.999.816
Rekstrarstyrkur .....	62.413.680	48.190.184
Rekstrarstyrkur mannvirkja .....	52.290.986	16.350.000
Lottó .....	3.606.031	3.387.449
Aðrir styrkir og tekjur .....	5.991.504	2.582.900
	<u>188.701.931</u>	<u>134.910.349</u>

## 4. Laun og launatengd gjöld

	2017	2016
Laun .....	48.170.523	22.567.968
Launatengd gjöld .....	7.700.689	4.703.989
	<u>55.871.212</u>	<u>27.271.957</u>



# Skýringar

## 5. Styrkir til deilda

	2017	2016
Húsaleigustyrkir .....	59.400.000	59.400.000
Ferðastyrkir .....	5.000.000	5.000.000
Knattspyrnudeild Gróttu .....	15.004.800	10.333.800
Fimleikadeild Gróttu .....	10.084.800	7.988.300
Handknattleiksdeild Gróttu .....	16.602.000	12.594.600
Lottó .....	3.606.031	3.387.451
Aðrir styrkir .....	3.175.615	1.672.384
	<u>112.873.246</u>	<u>100.376.535</u>

## 6. Rekstur skrifstofu

	2017	2016
Sími .....	687.857	654.088
Pappír, prentun og ritföng .....	353.616	497.210
Tölvukostnaður .....	877.848	810.723
Hátiðarsalur .....	914.806	179.371
Auglýsingakostnaður .....	0	476.035
Annar skrifstofukostnaður .....	599.366	460.428
	<u>3.433.493</u>	<u>3.077.855</u>

## 7. Annar kostnaður

	2017	2016
Þjónustugjöld kreditkorta og banka .....	311.975	355.787
Kostnaður vegna skemmtanahalds .....	0	306.566
Íþróttamaður / -kona Gróttu .....	198.253	42.161
Námskeið, fræðsla, fundir o.fl. .....	80.000	408.240
Annar kostnaður .....	356.654	363.547
Afmælishátíð Gróttu .....	7.117.817	0
	<u>8.064.699</u>	<u>1.476.301</u>

## 8. Eigið fé

	Uppsafnað frá fyrra ári	Tekjuafg. ársins	Samtals
Eigið fé 1/1 .....	9.686.585	2.234.944	11.921.529
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé .....	2.234.944	(2.234.944)	0
Afkoma ársins .....		10.312.954	10.312.954
Eigið fé 31/12 .....	<u>11.921.529</u>	<u>10.312.954</u>	<u>22.234.483</u>